

Anna Sigríður Valdimarsdóttir lagði fram svohljóðandi bókun:

Ég styð frumvarp til laga um stofnun Hálandisþjóðgarðs, enda samrýmist stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands ágætlega stefnu Gróskulistans í náttúruverndarmálum. Þar sem ég þekki til hefur reynsla þeirra bænda og ferðaþjónustuaðila innan Vatnajökulsþjóðgarðs verið jákvæð. Enn fremur tel ég stofnun slíks þjóðgarðs framfaraskref í þróun náttúruverndar en jafnframt muni innan hans rúmast vel þær atvinnugreinar sem sveitarfélagið byggir helst á, þó á forsendum sjálfbærrar landnýtingar.